



Guðmundur Jónsson hefur rekið smíðshöggjö á þrileik sinn, Japl, Jaml og Fuður.

reyndar enn. Það var frábært að fá hann til að spila með í einu lagi á nýju plötunni en það hefur hann aldrei reynt áður. Sjálfur byrjaði ég ungur að læra á hljóðfæri og fór strax að semja lög. Ég hélt á þessum árum að þetta væri eitthvað sem allir fengjust við. Það var ekki fyrr en ég fór suður, sautján ára gamall, að ég uppgötvaði að þetta lægi ekki fyrir öllum. Ég hef alla tíð litið á sjálfan mig sem lagasmið frekar en hljóðfæraleikara, enda veitir það mér mestu fróunina að skapa tónlist. Það er mikil stemning að sitja inni í hljóðveri og glíma við lögin mín, þótt það taki einnig oft á. Mesta umbunin er síðan fólgin í því þegar lögin falla í góðan jarðveg. Þetta minnir nánast á fíkn því þessu ferli öllu fylgir mikil útrás sem maður sækir í siendurtekið.“

Guðmundur segir orkuna sem fylgir því að spila á stórtónleikum, eins og hann hefur margoft gert með Sálinni, gjörólíka þeirri orku sem fylgir sólóspili. „Auðvitað er oft einmanalegt að leika einn á tónleikum, til dæmis úti á landi þar sem áhorfendur eru langtum færri en á tónleikum Sálárinna en á móti kemur að andrúmsloftið er allt mun persónulegra. Eflaust næ ég líka aðeins betri tengingu við lögin því textarnir eru allir mínir. Ég syng alltaf um eitthvað sem hefur hent mig eða eitthvað sem mér liggur mikið á hjarta. Stundum syng ég líka í orðastað einhvers sem ég þekki. Textarnir

„Ég verð þó að viðurkenna að ég verð sjaldan mjög ástfanginn en í þau fáu skipti sem það hefur gerst hef ég virkilega orðið fangaður af þeim tilfinningum sem ástin kallar á.“

varð einnig til í tengslum við samtal sem ég átti við mann sem tjáði sig um þá sáru reynslu að hafa ekki séð barnið sitt í mörg ár. Í textanum reyndi ég að tjá þá bitru staðreynd að börn verða oft bitbein foreldra sem skilja, þau verða stundum eins og einhver skiptimynt. Hér er ég aðeins að taka dæmi um það hvernig textar geta orðið til af því mér finnst þeir passa við tiltekin lög sem ég hef samið. Taka skal þó fram að lögin mín fjalla ekki bara um bömmur og allsherjarleiðindi,“ segir Guðmundur hlæjandi.

Sköpun kemur skynsemi ekkert við

Aðspurður hvort hann tjái jafnan stemningu eða tilfinningar, jákvæðar jafnt sem neikvæðar, í lögum sínum, segir Guðmundur svo vera. „Skynsemi og rökhugsun kemur sköpun ekkert við. Ég líki oft tónlist við tilfinningar gagnvart konum. Það er ekki hægt að útskýra af hverju þú verður ástfanginn af einni konu frekar en annarri. Það hefur ekkert með skynsemi að gera. Ástin er ekki röklegheldur einmitt óskynsamleg. Rök flækjast aðeins fyrir þessu fyrirbæri og verða

að teljast til meginafvaka lífsins, þess sem við sækjumst öll eftir. Í mínum huga er ástin í raun það eina sem máli skiptir og ef eitthvað er til í þessum heimi sem kallast guð þá er það ígildi ástar. Hið góða, sanna og fagra sem við finnum í sjálfum okkur og öðrum er sennilega hreinasta birtingarmynd þessa fyrirbæris sem við köllum ást, þótt hún sé auðvitað til í ótal myndum. Ég verð þó að viðurkenna að ég verð sjaldan mjög ástfanginn en í þau fáu skipti sem það hefur gerst hef ég virkilega orðið fangaður af þeim tilfinningum sem ástin kallar á. Ætli ég sé ekki líka dálítið feiminn við konur og jafnvel eitthvað hræddur við þær. Mér hefur liðið þannig frá ungaaldr þótt ég viti ekki fyrir víst af hverju þessi hræðsla stafar. Ætli hlédrægni mín í þeirra garð hafi ekki sitt að segja,“ útskýrir Guðmundur brosandí. „Oft er sagt að þeir sem eru á sviðinu og starfa sem listamenn, vilji fyrst og síðast ganga í augun á konum. Ég veit ekki hvað er hæft í því en hitt er þó víst að oft þegar ég hef staðið uppi á sviði í ljósadýrðinni rjátlast hlédrægnin af mér,“ heldur Guðmundur áfram og hlær við.

„Skynsemi og rökhugsun kemur sköpun ekkert við. Ég líki oft tónlist við tilfinningar gagnvart konum. Það er ekki hægt að útskýra af hverju þú verður ástfanginn af einni konu frekar en annarri. Það hefur ekkert með skynsemi að gera.“

Annars er ég látlaut að semja lög og hafði þörf fyrir að koma frá mér efni á eigin forsendum, vera dálítið persónulegur sem ég hef kannski ekki tækifæri til í Sálinni. Þar hafa Stefán Hilmarsson og Friðrik Sturluson samið langflesta textana við lögin mín, en sem sólólistamaður hef ég nú einnig samið textana. Það er frábær nýlunda.“

Ekki bara um bömmur og allsherjarleiðindi

Til sautján ára aldurs átti Guðmundur heima á Skagaströnd, ásamt foreldrum sínum og tveimur systkinum. Faðir hans er mikill áhugamaður um tónlist og leikur stórvel á gítar að sögn sonarins. „Þabbi lék á gítar þegar ég var barn og gerir

snúast ekki allir um einhverjar raunasögur af mér,“ segir Guðmundur brosandí. „Eitt lag á nýju plötunni minni sem nefnist „... nema að kraftaverk komi í ljós“ fæddist til að mynda í framhaldi af samræðum sem ég átti við vin minn. Hann viðurkendi fyrir mér afbrýðisemi sína í samböndum við hitt kynið og mér þótti hreinskilni hans athyglisverð vegna þess að okkur karlmönnum reynist oft erfitt að viðurkenna veikleika sem þennan. Sjálfur er ég blessunarlega laus við þessa neikvæðu kennd sem er afskaplega sjálförtímandi en ég reyndi að setja mig í hans spor þegar ég orti textann. Lagið sjálft er ljúft en textinn við dökkur, í takt við þá eyðileggjandi stemningu sem fylgir afbrýði. Annað lag

frekar fólk fjötur um fót. Ástin, eins og sköpunin, snýst aðeins um að finna og vera, um innsei og upplifun.“ Guðmundur segir marga halda að hann rembist við að gera melódíska, poppaða tónlist en því fari víðs fjarri. „Mér er þetta einfaldlega eðlislægt að semja tónlist af þessu tagi og er svo heppinn að það er fullt af fólk sem kann að meta hana.“

Lög og textar eftir Guðmund eru gjarnan óður til ástarinnar og því lék blaðamanni forvitni á að vita hvaða augum hann líti ástina almennt. „Lögin mín eru auðvitað ekki öll óður til ástarinnar, heldur sótt úr smíðju margskonar reynslu. Ætli ég sé samt ekki upptekinn af ástinni eins og flestir. Öll viljum við jú elska og vera elskuð. Það hlýtur

„Þetta er samt mikil einföldun,“ bætir hann við. „Ég fór auðvitað ekki út í tónlistarbransann af þessum ástæðum.“

Á næstunni ætlar Guðmundur að ferðast um landið með kassagítar og fylgja plötunni eftir. Fernir tónleikar eru áætlaðir á viku en í það heila verða tónleikarnir sautján, um land allt. „Ég hef alltaf gert þetta eftir útgáfu hverrar sólóplötu og það hefur ávallt verið mjög athyglisvert. Það er skemmtilegt að spila úti á landi, enda meiri hefð fyrir trúbadorstemningu þar en í borginni.“

„Ég myndi lýsa mér í einu orði; draumóramaður.“